

9. gr.

Til þess að stofnunin verði lögð niður þarf samþykki $\frac{4}{5}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna og skulu eignir hennar þá renna til landkynningar og náttúruverndar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún geymd í dómsmálaráðuneytinu í staðfestu eintaki.

11. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Íslenskrar myndsynar, sem haldinn var í Reykjavík, 14. janúar 1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. mars 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík nr. 97/1987.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Gatnagerðargjald skal áætla þegar lóðarúthlutun fer fram og skal einstaklingur greiða 30% af því innan mánaðar en fyrirtæki 15%, ella fellur úthlutun sjálfkrafa úr gildi. Eftirstöðvar falla í gjalddaga þegar byggingarnefndarteikningar eru samþykktar í bæjarstjórn Keflavíkur og eindagi er 10 almanaksdögum síðar. Heimilt er að lána eftirstöðvar gatnagerðargjaldsins í allt að fjögur ár og skal þá tekið veð í byggingarframkvæmdum. Ef staðgreitt er fyrir eindaga er veittur 5% afsláttur. Lántakandi greiðir allan kostnað vegna útgáfu lánsbréfa þ.m.t. afföll. Þegar byggt er á eignarlóð eða eldra hús stækkað skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingarleyfis.

2. gr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Endurprentað blað.